

26/8/20

Efnahagsstefna Samfylkingarinnar & tillögur fyrir 2020-2021.

Grunnur góðs efnahags og líf skjara almennings hvílir á sjálfbæru atvinnulífi, skilvirku mennta- og velferðarkerfi og verðmætasköpun sem byggir á hugviti og hagnýtingu landsins gæða í þágu alls almennings og verndun náttúrunnar. Almennungi farnast best í opnu hagkerfi með óheftum viðskiptum við útlönd sem gerir atvinnugreinum kleift að starfa á jafnréttisgrundvelli.

Samfylkingin vill að fullt gjald fyrir allar sameiginlegar auðlindir renni til þjóðarinnar. Nýting auðlinda þarf því bæði að vera arðsöm og sjálfbær, hvort sem er um að ræða fiskistofnana við landið eða hagnýtingu vatnsafls- og gufuvirkjana til frekari orkuvinnslu eða nýtingu annarra auðlinda í eigu þjóðarinnar. Auðlindagjaldið renni hvort heldur milliliðalaust til þjóðarinnar eða til samfélagslegra verkefna á borð við stuðning við þær byggðir landsins sem standa höllum fæti.

Samfylkingin vill byggja upp samfélag jafnaðar þar sem öflugt opinbert velferðarkerfi færir öllum mannsæmandi líf og tækifæri til að þroska ólíka hæfileika sína með mannréttindi sem grunnstef.

Hið opinbera á að tryggja heilbrigðisþjónustu og menntakerfi fyrir alla sem stenst samjöfnuð við það besta sem gerist í heiminum.

Grunnurinn að því að skapa samfélag réttlætis og jöfnuðar, sem skilur engan þjóðfélagsþegn eftir, er að búa í blönduðu hagkerfi með opna og gegnsæa efnahagsstarfsemi sem skapar verðmæti sem koma þjóðfélaginu öllu til góða en ekki bara fámennum hópum. Slíkt samfélag verður aðeins byggt á sjálfbærum atvinnugreinum þar sem hlúð er að hæfileikum og frumkvæði einstaklinganna til verðmætasköpunar.

Menntun og verkkunnátta er grunnur að líf skjörum til framtíðar. Aðeins með fjölbreyttri menntun og verkkunnáttu ná Íslendingar að halda í og auka velmegun okkar, skapa vel launuð störf og öflug fyrirtæki.

Miðað við margar aðrar þjóðir stöndum við vel og er það fyrst og fremst að þakka öflugum opinberum heilbrigðiskerfi sem býr að vel menntuðu og fórnfúsu starfsfólki. Fleira þarf til og því er brýnt að þjóðin hefji sig upp úr stöðnun og kyrrstöðu með nýrri hugsun og hugmyndum um hvernig framtíð Íslendinga verður best borgið. Miklu skiptir að til forystu veljist öfl sem hafa skýra framtíðarsýn um nauðsynlegar samfélagslegar breytingar sem geta skapað bjartsýni og trú þjóðarinnar á eigin getu.

Til að tryggja sambærileg líf skjör á Íslandi við helstu nágrannaríki okkar er hagsmunum þjóðarinnar best borgið með aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru. Til að svo megi verða er heppilegast að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi samningaviðræður um mögulega aðild.

Samkeppni

Samkeppni er mikilvægur grunnur að heilbrigðu og sveigjanlegu efnahagslífi. Fákeppni og einokun leiðir til lægri þjóðarframleiðslu ásamt lægri hlut launþega í þjóðarframleiðslunni. Virkri samkeppni fylgir aukin vöruþróun og nýliðun sem styrkir innlenda framleiðslu og þjónustu í alþjóðlegri samkeppni. Sökum smæðar landsins er hér fáir aðilar á markaði og því mikilvægt að ríkið vaki yfir hættunni sem fylgir einokun og fákeppni. Samfylkingin ætlar að styrkja og efla samkeppnislög og eftirlit til að koma í veg fyrir og brjóta upp skaðlega fákeppni, til hagsbóta fyrir fyrirtæki og samfélagið í heild. Ennig er eðlilegt að styða innlend fyrirtæki í samkeppni við innfluttning með kerfislægum aðgerðum ef af því er þjóðhagslegur ábati.

Hnattvæðing

Ísland er hluti af hnattvæddu efnahagslífi heimisins. Galli núverandi hnattvæðingar er óréttlæti og ójöfnuður þar sem fáir einstakir aðilar hafa náð til sín stórum hluta af auði samfélaga. Ísland þarf sem, hluti af heimshagkerfinu, að vinna að réttlátari skiptingu auðsins auk réttinda og reisn hvernar manneskju, á því að lifa í sátt og samlyndi við

náttúruna, að virða réttindi komandi kynslóða og að mæla árangur ekki síður á mannlegan hátt. Tryggja verður að alþjóðafyrirtæki greiði skatta í hverju því landi þar sem þau eiga viðskipti.

Umbætur í opinberum rekstri

Í stað árlegs niðurskurðar samkvæmt „hagræðingarkröfu“ verði gerð úttekt á rekstri ríkisstofnana á 5 ára fresti þar sem laga- og regluumhverfi og rekstur verði gaumgæfður til að hámarka skilvirkni og árangur.

Gert verði eftirsóknarverð að vinna hjá ríkinu, með því að greiða samkeppnishæf laun, vinna að styttingu vinnutíma vaktavinnufólks, og að aðstaða og tækni skapi möguleika á bestu gæðum og afköstum í allri þjónustu.

Ríkið aðstoði við að koma á fót vinnusestrum á þéttbýlisstöðum í samvinnu við sveitarfélög og fyrirtæki, með aðstöðu fyrir fjarvinnu ýmissa ríkisstofnana og fyrirtækja. Ríkið greiði fyrir vinnusestrin sem hluta af byggðastyrkjum.

Skattaskjól – skatteftirlit

Hert skatteftirlit er nauðsynlegt til að efla heiðarleika, traust og gagnsæi í samfélaginu. Efnahagsbrot eru ekki litin nægilega alvarlegum augum, því þarf að efla rannsóknir og einfalda saksókn þeirra og hækka verulega sektir.

Lagt skal skýrt bann við flutningi fjármagns í skattaskjól og sett ströng viðurlög við því. Einnig skal Ísland vinna með ríkjum sem eru að hafa frumkvæði að banni við skattaskjólum á heimsvísu.

Stemma verði stigu við möguleikum einstaklinga sem leika þann leik að stofna fyrirtæki, mjólka þau, keyra í þrot og hefja reksturinn að nýju á nýrri kennitölu.

Fjölpætt efnahagsstarfsemi

Íslendingar hafa þegar sopið seyðið af því að einblína á aðeins eina atvinnugrein í einu sem á að „bjarga“ því sem miður hefur farið annars staðar. Hér nægir að benda á stóriðjustefnu fyrri ára, uppbyggingu fjármálakerfisins fyrir fjármálakreppuna og nú

síðast ferðapjónustuna. Hætt er við að ef ekki er horfið frá kyrrstöðu hugsunarhættinum þá muni allt fara í sama horf þegar tekst að opna landið að nýju og ferðapjónustan nær sér á strik. Það muni verða til þess að öll langtíma hugsun og stuðningur við fjölbreytt skapandi atvinnulíf verður látin sitja á hakanum nema kyrrstöðustjórnmalunum verði rutt úr vegi.

Við uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs er sígandi lukka best og langtíma stefnumótun skilar mestum árangri. Langtímastefnumótun hefur skort á sviði skapandi greina og nægir að minna á að skapandi greinar á borð við hönnun tölvuleikja og tölvuviðmóts, fjarvinnsla og annað sem nútímatækni býður uppá sem getur skilað þjóðfélaginu ómældum tekjum en til þess þarf stuðning, hvatningu og stefnumótun til langs tíma af hálfu hins opinbera.

Mikilvægt er að styðja við vöruþróun innlendre framleiðslugreina sem keppa við innflutning svo vinna megi á þeim óhagstæða gjaldeyrisjöfnuði sem fylgt hefur samdrættinum í kjölfar veirufaraldursins.

Opinber fjármál

Skattastefna og fyrirkomulag tilfærslna í skattkerfinu eru á meðal helstu grunnstoða réttláts velferðarþjóðfélags.

Öflun skatttekna og dreifing þeirra á að stuðla að jöfnuði og réttlæti.

Öflugt, skilvirkt og réttlátt skattkerfi til að tryggja grunnframfærslu og mannréttindi.

Lagður verði á þrepaskiptur ofureignaskattur

Skattlausar grunntekjur – grunnframfærsla

Persónufrádráttur – Persónufrádráttur verður látinn fylgja launavísitölu til að tryggja að skattbyrði sé óbreytt á milli ára.

Sama skattaprósenta á vinnuframlag og fjármagn þó þannig að almenningur sé hvattur til ráðdeildar með fjárfestingu í atvinnulífi með skattfrjálsum fjármagnstekjum og persónufrádrætti sem hvetur til sparnaðar. Fjármagnstekjur lífeyrisþega sem viðhalda

raunvirði eigna þeirra komi ekki til frádráttar framlögum hins opinbera til þeirra. Sveitarfélög fái hlutdeild í fjármagnstekjum.

Skattaafslættir áfram nýttir og aukið við til að efla nýfjárfestingar í frumkvöðlafyrirtækjum og nýjum og vaxandi atvinnugreinum s.s. listgreinum, kvikmyndagerð og endurvinnslufyrirtækjum.

2020 – 2021

Íslendingar standa nú frammi fyrir einni stærstu áskorunum sem þjóðin hefur nokkurn tíma tekist á við sem er hvernig framtíðarhagsmunir þjóðarinnar verði best tryggðir í kjölfar veirufaraldursins.

Fram að þingkosningunum haustið 2021 leggur Samfylkingin áherslu á að gerður verði samfélagssáttmáli um,

- sátt um sjávarútveg með árlegri innköllun og útboði á takmörkuðum hluta aflaheimilda. Útgerðir sem vilja auka við eða halda óskertum aflaheimildum þurfi framvegis að bjóða í þá árlegu hlutdeild fiskveiðiauðlindarinnar sem efnt verður til útboðs um,
- hækkun atvinnuleysisbóta og sátt á vinnumarkaði þar sem m.a. verði snúið frá þeirri þróun að stöðugt fleiri launamenn þurfi að sætta sig við verktakagreiðslur í stað launa,
- að öllum þeim sem þurfa að reiða sig á greiðslur frá hinu opinbera, sér til framfærslu, verði tryggð mannsæmandi afkoma
- að tryggt verði að þeim sem eiga á hættu að missa eigin húsnæði í kjölfar veirufaraldursins verði gert kleift að búa þar áfram
- barnabætur verði auknar og greiðist fólki með millitekjur ekki síður en lágtekjufólki.

Til að takast á við þau verkefni sem við blasa er mikilvægt að ríkisvaldið veiti aukna fjármuni til vöruþróunar og nýsköpunar, til tækniframfara, styðji við menningu og önnur skapandi verkefni.

Fullt gjald fyrir auðlindir þjóðarinnar.

Nýtingarleyfi auðlinda í þjóðareigu verði veitt á jafnræðisgrundvelli gegn fullu gjaldi. Einfaldasta leiðin til þess eru árleg útboð hinna takmörkuðu gæða. Veiðileyfagjald útgerðarinnar verði aflað með innköllun og útboði á hóflegum hluta árlegra aflaheimilda.

Efnahagslíf sem virkar

Ríkisvaldið hefur sveiflujöfnunarhlutverk í hagkerfinu. Svo það sé hnitmiðað og trúfli ekki um of önnur framtíðarmarkmið er nauðsynlegt að aðgerðir þess séu í góði samstarfi við Seðlabanka og hagaðila svo þær skili sem mestum þjóðhagslegum ábata.

Samfylkingin er fylgjandi þeirri endurskoðun sem nú á sér stað á fjármálamörkuðum heimsins sem mun leiða til heilbrigðara fjármálakerfis undir eftirliti fjölþjóðlegra stofnana sem gripið geta inn í áður en í óefni er komið.

Lagt skal skýrt bann við flutningi fjármagns í skattaskjól og sett ströng viðlög við því. Einnig skal Ísland vinna með ríkjum sem eru að hafa frumkvæði að banni við skattaskjólum á heimsvísu.

Þær breytingar sem unnið er að innan ESB og EES á fjármálaeftirliti og innstæðuþryggingum munu styrkja fjármálakerfi þjóðarinnar til frambúðar.

Fyrir allt fé almennings sem lagt er í fyrirtæki á markaði skal koma hlutur í viðkomandi fyrirtæki.

Almenningur eigi kost á greiðslumiðlun sér að kostnaðarlausu hvort sem hún fer fram á vegum viðskiptabanka eða seðlabanka.

Starfsemi smálánafyrirtækja verði bönnuð og sett þak á leyfilega vexti hjá öllum fjármálafyrirtækjum,

Tryggja þurfi gagnsæi við söluferli á hlutum ríkisins í bönkunum en ekkert er því til fyrirstöðu að ríkið eigi áfram ráðandi hlut í viðskiptabönkunum og stefna beri að sölu á fjárfestingarbankahluta þeirra.

Aukið atvinnuleysi

Ein afleiðing veirusýkingarinnar verður aukið atvinnuleysi. Til að takast á við afleiðingar þess er mikilvægt, að samhliða afkomutryggingu þeirra sem fyrir atvinnuleysinu verða, þá standi til boða nægt framboð menntunar fyrir þá sem geta fært sér það í nyt.

Mikilvægt verður að sjá fyrir opinberri húsnæðisaðstoð sem m.a. felist í því að fólki sem getur ekki greitt af húsnæðislánum, vegna atvinnumissis, verði gert kleift að búa áfram í eigin húsnæði með lánaþyrirgreiðslu ríkissjóðs.

Auka verður opinberar framkvæmdir frá því sem þegar hefur verið afráðið og skiptir þar mestu að vanda verður forgangsörðun framkvæmdanna bæði á sviði innviðauppbyggingar og framlagi til atvinnugreina sem eru líklegar til að auka á sjálfbærni og nýsköpun.

Ljóst má vera að ríkissjóður verður rekinn með verulegum halla næstu árin og því fyrirséð að erlend skuldsetning þjóðarinnar eigi eftir að aukast til muna.

Með minnkandi gjaldeyrirsvarasjóði mun gengi krónunnar síga meir en orðið er með alkunnum afleiðingum um hærra verðlag og vexti sem kemur verst við þá lægst launuðu. Þetta er gömul saga og nýu á meðan þjóðin býr við íslenska krónu sem gjaldmiðil.